

FUNDARGERÐ

134. fundar fræðslunefndar Mýrdalshrepps.

- Fundarstaður:** Skrifstofa Mýrdalshrepps.
Fundartími: Þriðjudagur 19. september 2006 kl. 16:00.
Mættir: Undirritaðir aðalmenn fræðslunefndar.
Ritari fundarins: Sveinn Pálsson sveitarstjóri.
Formaður, Björgvin Jóhannesson setti fund og stjórnaði.

Gerðir fundarins:

I. Grunnskólinn.

Á fundinn eru mætt Kolbrún Hjörleifsdóttir skólastjóri, Gunnar Halldórsson fulltrúi kennara og Kristján Kristjánsson fulltrúi foreldra.

1. Undirritun trúnaðaryfirlýsingar.

Viðstaddir undirrita trúnaðaryfirlýsingu s.b.r.erindisbréf fræðslunefndar.

2. Bréf Fjölskyldumiðstöðvar Árborgar dags 21. ágúst 2006.

Umsókn um skólavist fyrir skólaárið 2006-2007 samþykkt.

3. Bréf Láru Oddsteinsdóttur dags. 10. september 2006.

Miðað við fyrirbyggjandi upplýsingar er skólinn að vinna rétt að málinu með ráðgjöf frá Skólaskrifstofu Suðurlands. Fræðslunefnd mælir með að erindinu verði hafnað.

4. Skólanámsskrá.

Almennur hluti skólanámsskrár var sendur með fundargögnum ásamt símaskrá og hefur fengið jákvæða umfjöllun foreldraráðs.

Fræðslunefnd samþykkir almennan hluta skólanámsskrár.

Námshluti verður lagður fyrir næsta fund.

5. Haustskýrsla skóla.

Kolbrún leggur fram haustskýrslu skóla til kynningar. Haustskýrslan verður tekin til afgreiðslu á næsta fundi.

6. Starfsmannamál.

Kolbrún upplýsir að Victoria Jonsson sé kominn aftur til starfa eftir barnsburðarleyfi og að Oddur Gíslason hafi verið ráðinn til starfa. Tryggvi Ástþórsson hefur verið ráðinn í baðvörslu.

Kolbrún afhendir beiðnir Victoriu Jonsson og Sifjar Hauksdóttur um skammtímaleyfi með jákvæðri umsögn sinni.

Fræðslunefnd samþykkti þessar beiðnir.

7. Skoðunarskýrsla leiksvæða.

Fyrir liggja til kynningar skoðunarskýrslur leiktækja.

8. Tímasetning funda.

Björgvin leggur til að fastur fundartími fræðslunefndar verði að jafnaði annar þriðjudagur í mánuði kl. 16:00.

Samþykkt.

9. Afmælishátíð.

Á þessu ári eru 100 ár eru liðin frá upphafi skólahalds í Vík. Fyrir liggur tillaga um að halda upp á tímamótin laugardaginn 21. október nk. og að starfsmenn vinni

laugardaginn en fái þess í stað frí mánudaginn 23. október.
Fræðslunefnd lýsir ánægju með áform starfsmanna afmælishald.

10. Endurskoðuð fjárhagsáætlun.

Drög að endurskoðaðri fjárhagsáætlun lögð fram til kynningar.

11. Önnur mál.

- a) Kolbrún lýsir yfir tilhlökkun til að starfa með nýkjörinni fræðslunefnd og er ánægð með úrbætur sem hafa verið gerðar á skólahúsnæðinu og endurnýjun tölvukerfis.
- b) Rætt um heimasíðu.

Kolbrún, Gunnar og Kristján yfirgefa fundinn.

II. Leikskólinn.

Á fundinn er mætt Aðalheiður Sigþórsdóttir leikskólastjóri ásamt Hjördísi Rut Jónsdóttur leikskólakennaranema

1. Undirritun trúnaðaryfirlýsingar.

Viðstaddir undirrita trúnaðaryfirlýsingu s.b.r.erindisbréf fræðslunefndar.

2. Bréf Hjördísar Rutar Jónsdóttur dags. 12. september 2006.

Hjördís sækir um þriggja mánaða námsleyfi frá og með 1. janúar 2007 og þriggja mánaða launalaust leyfi frá og með 1. apríl 2007.

Fræðslunefnd samþykkir 6 mánaða launalaust leyfi en synjar ósk um námsleyfi á launum.

3. Starfsmannamál.

Aðalheiður gerir grein fyrir starfsmannamálum. Tveir starfsmenn eru í leikskólakennaranámi og þrír starfsmenn á námsskeiði fyrir ófaglærða stafsmenn. Aðalheiður leggur fram barngildisútreikninga.

Fræðslunefnd lýsir yfir ánægu með námsgleði starfsmanna.

4. Skoðunarskýrsla leiksvæða.

Fyrir liggja til kynningar skoðunarskýrslur leiktækja..

5. Skóladagatal.

Aðalheiður afhendir skóladagatal leikskólans 2006-2007. Hún vekur athygli á að dagatalið sé samræmt skóladagatali grunnskólans t.d. varðandi starfsdaga.

Skóladagatalið samþykkt.

6. Tímasetning funda.

Fastur fundartími fræðslunefndar verður að jafnaði annar þriðjudagur í mánuði kl. 16:00. Aðalheiður getur mætt kl. 16:00.

7. Endurskoðuð fjárhagsáætlun.

Drög að endurskoðaðri fjárhagsáætlun lögð fram til kynningar..

8. Önnur mál.

- a) Björgvín kynnir boð frá 8. svæðisdeild félags leikskólakennara um að sitja haustþing leikskólakennara sem verður haldið á Selfossi 22. september. Fræðslunefnd þakkar gott boð en nefndarmenn sjá sér ekki fært að mæta..

Aðalheiður og Hjördís yfirgefa fundinn.

III. Tónskólinn.

Kristinn Jóhann Níelsson tónskólastjóri boðar veikindaforföll. Dagskrárliðum varðandi tónskólann frestað til næsta fundar.

Fundargerðin lesin upp og samþykkt.

Fundi slitið kl: 18:30

Inger Schiöth

Björgvin Jóhannesson
Formaður

Bergþóra Ástþórsdóttir

Guðný Sigurðardóttir

Sveinn Pálsson
Sveitarstjóri

Andrína Erlingsdóttir